


## Almennar skýringar:

Notkun mannvirkis:

Reiðhöllin verður einkum notuð til tamningar, reiðkennslu og sýningarhalds á hestum og einnig til annara íþróttaiðkana, s.s knattspyrnu.
Einnig má nýta húsið til annarskonar samkomu og sýningarhalds.
Á millilofti er gert ráð fyrir félagsheimili hestamanna (fundar- og veitingaaðstaða).
Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi í húsinu sé 450 manns, 200 manns á áhorfendapöllum, 50 manns í veitingastofu og 200 manns í sal.

Byggingarlýsing reiðskemmu:

Húsið er hefðbundið límtréshús á steinsteyptum sökkli.
Burðarvirki er úr límtré, þak og veggir klæðist með stálsamlokueiningum, viðurkenndum Yleiningum ST-107 ÞV með polyureþan (PIR) einangrun. Gólf reiðsvæðis er með völdu vikurefni, gólf hesthúss er steinsteypt og gólf áhorfendasvæðis er úr timbri.
Burðarvirki uppfyllir flokk C skv. byggingarreglugerð.
Einangrunarkröfur uppfylli 10°C<Ti<18°C

Stærðir:

| | Flatarmál | Rúmmál |
|---|---|---|
| Reiðskemma | 1115,2 ferm | 6618,5 rúmm. |
| Milliloft (Veitingastofa/Félagsheimili) | 100,9 ferm | |

Tákn:

- Brunaslanga
- [R] Reykskinjari
- Merkt flóttaleið, ÚT-ljós

## Brunavarnir:

Eftirfarandi brunavarnatexti og brunavarnalausnir eru gerðar af VSI, Öryggishönnun og ráðgjöf.
Ekki hefur verið gerð önnur brunavarnaskýrsla fyrir húsið.

### Brunasamstæður/brunahólf

Húsið er allt ein brunasamstæða en skiptist í þrjú brunahólf.
Brunahólf skulu almennt vera a.m.k. EI60 veggir með $EI_2$30-$CS_m$ / E30-$CS_m$ hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a.m.k. E30.
Reiðsalur ásamt anddyri er sér brunahólf.
Hestbús verður sér brunahólf.
Veitinga- og fundarsalur ásamt geymslu verður sér brunahólf.
Hurðir í brunahólfum mega vera á hurðaseglum sem lokast við boð frá brunaviðvörunarkerfi.

### Burðarvirki

Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis stiga verður a.m.k. A-R30.
Hæðaskil verða a.m.k. REI60.

### Klæðningar

Húsið verður klætt með Yleiningum sem uppfylla ekki að vera klæðningar í flokki 1. Þetta telst ásættanlegt þar sem brunaálag er lítið, flóttaleiðir góðar, öflug reyklosun í þaki og fullgilt brunaviðvörunarkerfi í öllu húsinu.
Klætt verður með klæðningu í flokki 1 bakvið áhorfendabekki og a.m.k. tvo metra upp fyrir þá.
Varðandi frágang brunahólfandi veggja við þak og útveggi skal bent á sérteikningar frá Límtré, samþykktar af Brunamálastofnun.
Allir léttir innveggir verða klæddir með klæðningu í flokki 1.
Gólfefni skulu vera í flokki G.

### Flóttaleiðir

Flóttaleiðir frá áhorfendabekkjum eru tvær, þ.e. ein í hvora átt. Gert er ráð fyrir allt að 200 manns á áhorfendabekkjum. Flóttaleiðir eru samtals u.þ.b. 3,7 metra breiðar og því í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.
Frá reiðsal eru tvær óháðar flóttaleiður um hefðbundnar 1,0 metra breiðar hurðar í sitt hvorum enda. Hámarksfjöldi í sal er 200 manns.
Frá veitingasal á 2. hæð eru tvær óháðar flóttaleiðir. Þar er gert ráð fyrir allt að 50 manns. Önnur er um svalir niður aðalstiga niður í anddyri og þaðan út. Hin er um hringstiga sem er með radíus a.m.k. 1250 mm skv. NFPA 101.
Flóttahurðar frá sal og frá áhorfendasvæði skulu útbúnar með neyðarslá.
Flóttahurðar frá veitingasal skulu útbúnar a.m.k. með hún að snerli.

### Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað/rásatengt brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður í anddyri hússins.

### Reyklosun

Reyklosun í þaki reiðsalar verður um ofanljós úr auðbrennanlegu plasti, alls um 70 $m^2$ eða u.þ.b. 8 % af gólfleti .
Önnur rými eru reykræst um glugga og hurðir.

| Skráningartafla: | Reiðhöll Flúðum | | | | Skrásetjari: | Helgi Kjartansson | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landnúmer: | vantar | | | | Kennitala: | 030270-5419 | | | | | | | | | | | |
| Matshlutanúmer: | 01 | | | Útgáfa: 4.01b | Dags.: | 1.11.2007 | | | | | | | | | | | |
| Uppskipting og lýsing | | | | Stærðir | | | | | | | | | | | | | |
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Hólut-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
| | | Matshluti | | | 1.115,2 | 100,9 | 8,8 | 0,0 | 1.216,1 | 11,4 | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | 6.841,5 | 1.132,6 | 1.204,7 | | 6.142,887 |
| | | Botn | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | 223,0 | | | | |
| | 01 | 1. hæð | | | 1.115,2 | 100,9 | 8,8 | 0,0 | 1.216,1 | 11,4 | | | 6.618,5 | 1.132,6 | 1.204,7 | | |
| A | 0101 | Reiðskemma | N | 0101 | 1.115,2 | | 8,8 | | 1.115,2 | | 3,00 | 7,56 | 6.618,5 | 1.035,9 | 1.115,2 | 5,93 | 6.142,887 |
| A | 0102 | Veitingastofa | N | 0101 | | 100,9 | | | 100,9 | 11,4 | 1,10 | 4,47 | | 96,7 | 89,5 | | |
| Athugasemdir | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Sameignir sumra | | | | | | | | | | | | | | | | | |

| Eignarhald | | | | Skiptarúmmál | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Séreign m³ | Séreign og sameign m³ |
| | 0101 | Reiðskemma | 1.204,7 | 6.142,887 | 6.142,887 |
| | | Alls | 1.204,7 | 6.142,887 | 6.142,887 |

Helgi Kjartansson
Byggingatæknifræðingur MTFÍ
kt. 030270-5419 s: 897-7623
fax: 566-8423 netf: helgikj@mmedia.is

Verkheiti
Reiðhöll Flúðum
Aðaluppdrættir
Afstöðumynd, byggingarlýsing

| Dags. | Teikn. Nr. | Mkv. | Skrá |
|---|---|---|---|
| 01.11.2007 | A-01 | 1:500 | |

| Breyting | dags | eðli breytingar |
|---|---|---|
| | | |

Samþykkt